

Reykjavík, 20. apríl, 2026

Skýrsla fræðslunefndar Sálfræðingafélags Íslands fyrir starfsárið apríl 2025 – maí 2026.

Í fræðslunefnd sátu: Tinna Baldursdóttir, Helga Lára Haarde, Lilja Dís Ragnarsdóttir, Ágústa Friðriksdóttir og Hildur Ósk Gunnlaugsdóttir.

Tinna og Helga Lára voru kosnar á Aðalfundi Sálfræðingafélags Íslands þann 18. apríl, 2024. Lilja Dís, Hildur Ósk og Ágústa komu inn síðar í byrjun maí 2024 og voru formlega kosnar inn á Aðalfundi 2025.

Á nefndarárinu hittist nefndin fyrst á vinnufundi með stjórn Sálfræðingafélags Íslands og öðrum nefndum þann 10. apríl, 2025 og hefur fyrir utan það hist á þremur Teamsfundum, borið saman bækur og verið í reglulegum tölvupóstssamskiptum.

Eftirfarandi fræðslufundir voru haldnir á tímabilinu:

4. desember 2025

Vegna eftirspurnar eftir sálfræðingum í fjölmiðlum kom Sírý Arnar rágjafi og fyrrverandi fjölmiðlakona og fræddi um góð ráð í samskiptum og framkomu í fjölmiðlum og hvað beri að varast. Staðfræðsla.

9. janúar 2026

Leikkonan Kristín Þóra Haraldsdóttir sem hefur undanfarin misseri sýnt einleikinn „Á rauðu ljósi“ í Þjóðleikhúsinu og Helga Lára Haarde, klínískur sálfræðingur, vinnusálfræðingur og ráðgjafi hjá Attentus fjalla á myndinni og einlægum hátt um kulnun, fullkomnunaráráttu og streitu. Staðfræðsla.

27. febrúar 2026

Þorkatla Elín Sigurðardóttir sálfræðingur kynnti störf sín en hún sérhæfir sig í sálfræðimeðferð með aðstoð dýra. Þar vinnur hún markvisst með hestum, hundum og naggrísam. Frá upphafi hefur hún lagt áherslu á að sækja þekkingu erlendis, tileinka sér gagnreyndar aðferðir og tryggja velferð bæði skjólstæðinga og dýra. Fræðsla í streymi.

Áætlaðir fræðslufundir:

30. apríl 2026

Sigurrós Jóhannsdóttir og Kristín Rós Sigurðardóttir sálfræðingar kynna E-DAM sem er námskeið fyrir ungmenni sem skilgreina sig einhverf og felur í sér að kenna færniþætti byggða á DAM hugmyndafræðinni þar sem efnið er aðlagð að einhverfum. Fræðsla í streymi.

29. maí 2026

Paola Cardenas, sálfræðingur í Barnahúsi fræðir um hlutverk og þjónustu Barnahúss, með áherslu á starf sálfræðings. Fræðsla í streymi.

Félagsmönnum hefur ávallt staðið til boða að mæta á staðfræðslur eða fylgjast með erindum í gegnum streymi og hefur hvort tveggja verið vel nýtt.

Tinna og Helga Lára sem voru kjörnar á Aðalfundi 2024 munu ljúka sínum nefndarstörfum í lok maí, 2026. Lilja Dís, Ágústa og Hildur sem komu síðar inn eiga eitt ár eftir af sinni setu í fræðslunefndinni.

Fyrir hönd Fræðslunefndar Sálfræðingafélags Íslands

Tinna Baldursdóttir

Tinna Baldursdóttir sálfræðingur